



Árskógarskóli 16. sept 2020

Umhverfisnefnd Árskógarskóla kom saman í gæðastund miðvikudaginn 16 sept 2020. Í umhverfisnefnd eru allir nemendur og starfsfólk skólans. Þar sem skólinn flaggaði nýjum grænfána síðastliðið vor, var ákveðið að kjósa um hvaða þema yrði unnið að næstu tvö ár. Þau þemu sem skólinn á eftir að vinna eru:

1. Orka og vatn. Hvaðan kemur orkan? Hvernig orku notum við á Íslandi? Hver eru umhverfisáhrif mismunandi orkugjafa?
2. Lífbreytileiki. Allar lífverur hafa tilvistarrétt. Þemað kemur inn á sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.
3. Náttúruvernd. Náttúruvernd snýst um verndun lífbreytileika, jarðfræðilegra minja, landsslags, víðerna og náttúruminja fyrir umsvifum manna. Náttúruvernd hefur það að markmiði að draga úr hættu á að líf, land, haf, vatn og loft mengist eða spillist með einum eða öðrum hætti.

Meirihluti nemenda kusu náttúruvernd og munu nemendur og starfsfólk vinna verkefni því tengt fram á vor 2022.

Fundargerð ritaði:
Gitta U. Ármannsdóttir